



Reykjavík, 14. júní 2019
2019060001
3.8.3

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Fjölnir

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs dags. 13. maí 2019 var lagt fram erindi Fjölnis vegna óska um fjölgun tíma fyrir félagið í Egilshöll. Jafnframt var lögð fram umsögn ÍBR um málið.

Erindinu var vísað til umsagnar ÍTR.

Fjölnir hefur lagt fram drög að æfingatöflum þar sem fram kemur að félagið hyggst áfram nota Dalhús, hætta með Rimaskóla og nýta báða parketsalina í Egilshöll.

Miðað við að Fjölnir verði ekki lengur með tíma í Rimaskóla, eða a.m.k. mjög fáa og miðað við reglur ÍTR og ÍBR um styrki vegna æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum þá er í aðalatriðum hægt að samþykkja óskir Fjölnis um aukið tímamagn í parketsalnum í Egilshöll að mati ÍBR. ÍBR gerir ráð fyrir að tímar vegna æfinga Þróttar og Fram verði áfram í töflu fyrir parketsal í Egilshöll enda þurfa bæði félög á þessum tímum að halda, Fram vegna þess að ekki eru salir í Grafarholti þar sem heimilt er að vera með harpix og Þróttur vegna þess að margir tíma falla niður í Laugardalshöll.

Lagt er til að ÍTR og ÍBR verði heimilað að semja við Fjölni og Egilshöll um skipulag æfinga til áramóta og tillögur vegna ársins 2020 verði teknar til umfjöllunar, við gerð fjárhagsáætlunar.



Ómar Einarsson.